

Ed.

442. Frumvarp

til laga um bráðabirgðalaunaviðbót til embættismanna og fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk lögmæltra launa og dýrtíðaruppbótar samkvæmt lögum nr. 59, 26. okt. 1917, veitist launaviðbót, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráði Íslands, svo og hagstofustjórinn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður og þjóðmenjavörður, fá 500 kr. launaviðbót hver á ári. Enn fremur heimilast stjórninni að úthluta 2000 kr. sem úrbót til 1. og 2. bókavarðar og skrásetjara við landsbókasafnið og aðstoðarskjalavarðar.

3. gr.

Dómsstjóri í landsyfirrjetti fær 1200 króna launaviðbót á ári og meðdómendur sama rjettar 1000 kr. hvor.

4. gr.

Landlæknir, holdsveikralæknir og allir hjeraðslæknar landsins, aðrir en þeir, sem taldir eru í 5. grein, svo og aðstoðarlæknar og dýralæknarnir í Stykkishólmi og á Akureyri, fá 500 króna launaviðbót hver um sig á ári.

5. gr.

Læknarnir í Keflavíkur-, Patreksfjarðar-, Blönduóss-, Seyðisfjarðar- og Reykjarfjarðar-hjeruðum, svo og dýralæknirinn í Reykjavík, fá þá launaviðbót, sem til vantar að laun þeirra nemi 2000 krónum á ári. •

6. gr.

Allir fastir kennarar háskólans (prófessorar og dósentar), að Einari prófessor Arnórssyni undanskildum, og kennarinn í gotnesku og engilsaxnesku fá 500 kr. launaviðbót á ári hver um sig.

7. gr.

Skólastjórar við mentaskólann, gagnfræðaskólann á Akureyri, kennaraskólann, stýrimannaskólann og vjelstjóraskólann, og allir fastir kennarar og aukakennarar þessara skóla, svo og fræðslumálastjórinn, fá 500 kr. launaviðbót hver á ári.

8. gr.

Vegamálastjóri og vitamálastjóri og póstmestari fá 500 kr. launaviðbót á ári hver um sig. Til viðbótar launum fastra aðstoðarmanna þeirra veitast 1000 kr., og skiftir ráðherra þessari upphæð með ráði vega- og vitamálastjóra.

9. gr.

Biskup landsins fær 500 kr. launaviðbót á ári.

10. gr.

Fangaverðinum við hegningarhúsið í Reykjavík veitist 400 kr. launaviðbót á ári.

11. gr.

Forsetum Alþingis heimilast að greiða þingmönnum 40 af hundraði í uppbót á daglegri þóknun þeirra, og nær sú uppbót til þingsins 1918.

12. gr.

Landsstjórninni heimilast að verja allt að 10000 kr. á ári til bráðabirgðalaunaviðbótar handa póstmönnum.

Stjórnarráðið úthlutar launaviðbót þessari, að fengnum tillögum póstmeistara.

13. gr.

Landsstjórninni heimilast að verja allt að 8000 kr. á ári til úthlutunar meðal presta þeirra, er við erfiðust kjör eiga að búa sökum dýrtíðarinnar.

Úthlutun þessa fjár skal gerð eftir tillögum biskups.

14. gr.

Af launaviðbót samkvæmt lögum þessum greiðist engin dýrtíðaruppbót.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu launabætur þær, sem þau ræða um, reiknast frá 1. júlí þ. á.